

## Reikningur

Minningarsjóðs lektors theol. Sigurðar Melsteðs árið 1906.

1. Í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins í árslok 1905, sjá Stj.tíð. 1906 B. bls. 69 . . . . .	kr.	563 32
2. Ársvextir 1906 . . . . .	—	22 53
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1906 . . . . .	kr.	585 85

Í stjórnarráði Íslands 7. mars 1907.

F. h. r.

**Kl. Jónsson.**

*G. Sveinbjörnsson*  
aðst.

## Styrkur úr landssjóði.

15. gr. 21.

Með brjefi stjórnarráðsins, dagsettu 10. apríl, var 4 ábyrgðarfjelögum, sem vátryggja mótorbáta, veittur 2500 kr. styrkur hverju, af fje því, sem veitt er í 15. gr. 21. tölulíð fjárlaganna fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil. Fjelögin eru þessi:

Bátaábyrgðarfjelag Eyfirðinga,

Hið sameiginlega ábyrgðarfjelag mótorbáta á Seyðisfirði,

Mótorbátaábyrgðardeild skipaábyrgðarfjelags Vestmannaeyja og

Mótorbátaábyrgðarfjelag Ísfirðinga.

## Embættaskipun og lausn m. m.

L a u s n.

8. apríl var prestinum í Helgastaðaprestakalli, síra Pjetri Helga Hjálmarssyni, veitt lausn frá embætti án eftirlauna, samkvæmt umsókn hans

9. s. m. var sýslumanni í Rangárvallasýslu Einari Benediktssyni allramildilegast veitt lausn frá embætti frá 30. apríl 1907 að telja, með eftirlaunum samkvæmt eftirlaunalögnum.

## Heiðursmerki.

9. apríl var Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld í Edínaborg allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

## Konsúlar.

28. febrúar var kaupmaður Ólafur Ásbjörn Ólafsson viðurkendum norskur konsúll fyrir Ísland í Reykjavík og verslunarstjóri Ágúst Egill Ólafsson vicekonsúll við konsúlsdæmið í Reykjavík.